

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2316/98

frá 26. október 1998

um að leyfa ný aukefni í fódri og um breytingu á skilyrðum varðandi leyfisveitingu fyrir nokkur aukefni sem eru þegar leyfð

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/19/EB ⁽²⁾, einkum 9. gr. j og 3. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að heimilt sé að leyfa ný aukefni eða nýja notkun aukefna með hliðsjón af framförum á sviði vísinda og tækni.

Í tilskipun ráðsins 96/51/EB frá 23. júlí 1996 um breytingu á tilskipun 70/524/EBE um aukefni í fódri ⁽³⁾ er mælt fyrir um nýja málsmeðferð, sem mun koma að fullu til framkvæmda 1. október 1999, þar sem aukefni eru leyfð með reglugerð. Meðan á aðlögunartímabilinu stendur skulu aðildarríkin eiga þess kost að samþykkja lagaákvæði í því skyni að koma í veg fyrir misskilning með tilliti til gildandi löggjafar. Aðildarríkin skulu tryggja að löggjöf, sem samrýmist ekki þessari reglugerð, sé felld úr gildi.

Ný aukefni í 1. hluta „karótenóíð og xantófüyll“ í flokknum „litarefni, að meðtöldum fastlitum“ (3: litunarefni, að meðtöldum litarefnum) hafa verið prófuð með góðum árangri í sumum aðildarríkjanna. Heimila ber þessi nýju aukefni til bráðabirgða.

Til þess að unnt sé að greina nýtt aukefni í 1. hluta „karótenóíð og xantófüyll“ í flokknum „litunarefni, að meðtöldum litarefnum“ frá öðru aukefni í sama flokki sem þegar hefur verið leyft ber að breyta heiti þess síðarnefnda.

Umfangsmiklar prófanir hafa farið fram í nokkrum aðildarríkjum á nýjum aukefnum í flokknum „snefilefni“, nánar tiltekið frumefnunum „kopar (Cu)“, „mangan (Mn)“ og „sinki (Zn)“. Svo virðist sem unnt sé að heimila þessi nýju aukefni á grundvelli þeirra rannsókna sem fram hafa farið.

Í því skyni að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á hunda ber að minnka leyfilegt hámarksinnihald aukefnisins etoxýkvín, í flokknum „þráavarnarefni“, í heilfódri.

Ný notkun aukefnis í 1. hluta „karótenóíð og xantófüyll“ í flokknum „litunarefni, að meðtöldum litarefnum“, sem

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.⁽²⁾ Stjútíð. EB L 96, 28. 3. 1998, bls. 39.⁽³⁾ Stjútíð. EB L 235, 17. 9. 1996, bls. 39.

þegar hefur verið heimilað, hefur verið prófuð með góðum árangri í sumum aðildarríkjanna. Heimila ber þessa nýju notkun til bráðabirgða.

Ný notkun aukefnisins 3-fýtasi í flokknum „ensím“, sem þegar hefur verið heimilað, hefur verið prófuð með góðum árangri í sumum aðildarríkjanna. Heimila ber þessa nýju notkun til bráðabirgða.

Í því skyni að tryggja gagnsæi eru önnur aukefni í sama flokki eða annars konar notkun aukefnisins, sem er heimiluð, höfð með í viðaukunum við þessa reglugerð eftir því sem við á. Framlengja ber tímabundið frestinn til að heimila aukefni, sem þegar hafa verið heimiluð á innlendum vettvangi en eru enn til rannsóknar, í sömu flokkum aukefna og nýju aukefnin sem eru heimiluð samkvæmt þessari reglugerð.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Í samræmi við tilskipun 70/524/EBE má heimila beta-karótín í 1. hluta „karótenóíð og xantófüyll“ í flokknum „litunarefni, að meðtöldum litarefnum“, sem aukefni E 160a í fódri í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þessa reglugerð.

2. Í samræmi við tilskipun 70/524/EBE má heimila astaxantín-auðugan *Phaffia rhodozyma* (ATCC 74219) í 1. hluta „karótenóíð og xantófüyll“ í flokknum „litunarefni, að meðtöldum litarefnum“, sem aukefni nr. 12 í fódri í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þessa reglugerð.

3. Í samræmi við tilskipun 70/524/EBE ber að heimila efnið „vatnað koparklósamband (chelate) amínósýrna“, í flokknum „snefilefni“, frumefnið E 4 „kopar (Cu)“, sem aukefni í fóðri í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

4. Í samræmi við tilskipun 70/524/EBE ber að heimila efnið „vatnað manganklósamband amínósýrna“, í flokknum „snefilefni“, frumefnið E 5 „mangan (Mn)“, sem aukefni í fóðri í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

5. Í samræmi við tilskipun 70/524/EBE ber að heimila efnið „vatnað sinkklósamband amínósýrna“, í flokknum „snefilefni“, frumefnið E 6 „sink (Zn)“, sem aukefni í fóðri í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

1. Í stað skilyrðanna fyrir því að heimila aukefnið E 324 etoxýkvín í flokknum „þrávarnarefni“ komi skilyrðin sem mælt er fyrir um í III. viðauka við þessa reglugerð, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE.

2. Í samræmi við tilskipun 70/524/EBE má heimila aukefnið E 161g í 1. hluta „karótenóíð og xantófüll“ í flokknum „litunarefni, að meðtöldum litarefnum“, fyrir dýrahópin „búr- og skrautfuglar“ í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þessa reglugerð.

3. Í samræmi við tilskipun 70/524/EBE má heimila aukefnið 3-fýtasi (EC 3.1.3.8) í flokknum „ensím“ í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í IV. viðauka við þessa reglugerð.

4. Í samræmi við tilskipun 70/524/EBE má heimila aukefni nr. 11, astaxantín-auðugan *Phaffia rhodozoma* í 1. hluta „karótenóíð og xantófüll“ í flokknum „litunarefni, að meðtöldum litarefnum“, fyrir dýrahópin „lax, silungur“ í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 15. desember 1998.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. október 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

| Nr. | EB-nr. | Aukefni | Efnaformúla, lýsing | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarksinnihald | Hámarksinnihald | Önnur ákvæði | Gildistími leyfis |
|-----|--------|--|--|-------------------------|--------------|------------------|---|--------------|--------------------|
| | | | | | | mg/kg heilfóðurs | | | |
| | | Litunarefni, að meðtöldum litarefnum 1. Karótenóíð og xantófill | | | | | | | |
| | E 160a | Beta-karótín | C ₄₀ H ₅₆ | Kanarífuglar | — | — | — | — | 30. 9. 1999 |
| | E 160c | Kapsantín | C ₄₀ H ₅₆ O ₃ | Alifuglar | — | — | 80 (eitt eða ásamt hinum karótenóíðunum og xantófillum) | — | Leyfi án tímamarka |
| | E 160e | Beta-apó-8'-karótenal | C ₃₀ H ₄₀ O | Alifuglar | — | — | 80 (eitt eða ásamt öðrum karótenóíðum og xantófillum) | — | Leyfi án tímamarka |
| | E 160f | Beta-apó-8'-karótínsýruetyllestri | C ₃₂ H ₄₄ O ₂ | Alifuglar | — | — | 80 (eitt eða ásamt öðrum karótenóíðum og xantófillum) | — | Leyfi án tímamarka |

| Nr. | EB-nr. | Aukefni | Efnaformúla, lýsing | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarksinnihald | Hámarksinnihald | Önnur ákvæði | Gildistími leyfis |
|-----|--------|--------------|--|-------------------------|--------------|------------------|---|---|--------------------|
| | | | | | | mg/kg heilfóðurs | | | |
| | E 161b | Lútín | C ₄₀ H ₅₆ O ₂ | Alifuglar | — | — | 80 (eitt eða ásamt öðrum karótenóíðum og xantófillum) | — | Leyfi án tímamarka |
| | E 161c | Kryptóxantín | C ₄ H ₅₆ O | Alifuglar | — | — | 80 (eitt eða ásamt öðrum karótenóíðum og xantófillum) | — | Leyfi án tímamarka |
| | E 161g | Kantaxantín | C ₄₀ H ₅₂ O ₂ | Alifuglar | — | — | 80 (eitt eða ásamt öðrum karótenóíðum og xantófillum) | — | Leyfi án tímamarka |
| | | | | Lax, silungur | — | — | 80 | Notkun heimil frá sex mánaða aldri Blöndun kantaxantíns með astaxantíni er heimil að því tilskildu að heildarstyrkur blöndunnar fari ekki yfir 100 mg/kg í heilfóðrinu | Leyfi án tímamarka |

| Nr. | EB-nr. | Aukefni | Efnaformúla, lýsing | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarksinnihald | Hámarksinnihald | Önnur ákvæði | Gildistími leyfis |
|-----|--------|---------------|--|--------------------------------|--------------|------------------|---|--|--------------------|
| | | | | | | mg/kg heilfóðurs | | | |
| | | | | Hundar, kettir og skrautfiskar | — | — | — | — | Leyfi án tímamarka |
| | | | | Búr- og skrautfuglar | — | — | — | — | 30. 9. 1999 |
| | E 161h | Zeaxantín | C ₄₀ H ₅₆ O ₂ | Alifuglar | — | — | 80 (eitt eða ásamt öðrum karótenóíðum og xantófillum) | — | Leyfi án tímamarka |
| | E 161i | Sítranaxantín | C ₃₃ H ₄₄ O | Varphænur | — | — | 80 (eitt eða ásamt öðrum karótenóíðum og xantófillum) | — | Leyfi án tímamarka |
| | E 161j | Astaxantín | C ₄₀ H ₅₂ O ₄ | Lax, silungur | — | — | 100 | Notkun aðeins heimil frá sex mánaða aldri Blöndun astaxantíns með kantaxantíni er heimil að því tilskildu að heildarstyrkur blöndunnar fari ekki yfir 100 mg/kg í heilfóðrinu | Leyfi án tímamarka |

| Nr. | EB-nr. | Aukefni | Efnaformúla, lýsing | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarksinnihald | Hámarksinnihald | Önnur ákvæði | Gildistími leyfis |
|-----|--------|--|---|-------------------------|--------------|------------------|-----------------|--|--------------------|
| | | | | | | mg/kg heilfóðurs | | | |
| | | | | Skrautfiskar | — | — | — | — | Leyfi án tímamarka |
| 11 | | Astaxantín-auðugur <i>Phaffia rhodozoma</i> (CBS 116.94) | Hreinn lífmassi gersveppsins <i>Phaffia rhodozoma</i> (CBS 116,94), óvirkur, sem inniheldur a.m.k. 2,5 g astaxantín fyrir hvert kílógramm aukefnis | Lax, silungur | — | — | 100 | Hámarksinnihald er gefið upp sem astaxantín Notkun aðeins heimil frá sex mánaða aldri Blöndun aukefnisins með kantaxantíni er heimil að því tilskildu að heildarstyrkur astaxantíns og kantaxantíns fari ekki yfir 100 mg/kg í heilfóðrinu | 21. 4. 1999 |
| 12 | | Astaxantín-auðugur <i>Phaffia rhodozoma</i> (ATCC 74219) | Hreinn lífmassi gersveppsins <i>Phaffia rhodozoma</i> (ATCC 74219), óvirkur, sem inniheldur a.m.k. 4,0 g astaxantín fyrir hvert kílógramm aukefnis og með hámarksinnihald etoxýkvíns sem er 2 000 mg/kg | Lax, silungur | — | — | 100 | Hámarksinnihald er gefið upp sem astaxantín Notkun aðeins heimil frá sex mánaða aldri Blöndun aukefnisins með kantaxantíni er heimil að því tilskildu að heildarstyrkur astaxantíns og kantaxantíns fari ekki yfir 100 mg/kg í heilfóðrinu Gefa ber upp etoxýkvíninnihald | 30. 9. 1999 |

II. VIÐAUKI

| EB-nr. | Frumefni | Aukefni | Efnaformúla | Hámarksinnihald frumefnisins í mg/kg í heilfóðri | Önnur ákvæði | Gildistími leyfis |
|--------|----------|---|---|---|--------------|--------------------|
| E4 | Kopar-Cu | Kopar-(II)-asetat, mónóhýdrat | $\text{Cu}(\text{CH}_3\text{COO})_2 \cdot \text{H}_2\text{O}$ | Eldissvín: í aðildarríkjum þar sem meðalþéttleiki svína er 175 dýr eða þar yfir á hverja 100 hektara lands sem er nýtt til landbúnaðar: — í allt að 16 vikur: 175 (alls) — frá 17. viku fram til slátrunar: 35 (alls) | — | Leyfi án tímamarka |
| | | Basískt kopar-(II)-karbónat, mónóhýdrat | $\text{CuCO}_3 \cdot \text{Cu}(\text{OH})_2 \cdot \text{H}_2\text{O}$ | í aðildarríkjum þar sem meðalþéttleiki svína er minni en 175 dýr á hverja 100 hektara lands sem er nýtt til landbúnaðar: — í allt að 16 vikur: 175 (alls) — frá 17. viku til allt að sex mánuðum: 100 (alls) — yfir sex mánuðir fram til slátrunar: 35 (alls) Undaneldissvín: 35 (alls) | — | Leyfi án tímamarka |
| | | Kopar-(II)-klóríð, díhýdrat | $\text{CuCl}_2 \cdot 2\text{H}_2\text{O}$ | Kálfar — staðgöngumjólk: 30 (alls) — annað heilfóður: 50 (alls) | — | Leyfi án tímamarka |
| | | Kopar-(II)-menþíónat | $\text{Cu}(\text{C}_5\text{H}_{10}\text{NO}_2\text{S})_2$ | Sauðfé: 15 (alls) Aðrar tegundir eða flokkar dýra: 35 (alls) | — | Leyfi án tímamarka |
| | | Kopar-(II)-oxíð | CuO | | — | Leyfi án tímamarka |
| | | Kopar-(II)-súlfat, pentahýdrat | $\text{CuSO}_4 \cdot 5\text{H}_2\text{O}$ | | — | Leyfi án tímamarka |

| EB-nr. | Frufefni | Aukefni | Efnaformúla | Hámarksinnihald frufefnisins í mg/kg í heilfóðri | Önnur ákvæði | Gildistími leyfis |
|--------|----------|--------------------------------|---|--|---|--------------------|
| | | Kopar-(II)-súlfat, mónóhýdrat | $\text{CuSO}_4 \cdot \text{H}_2\text{O}$ | <p>Eldissvín:</p> <p>í aðildarríkjum þar sem meðalþéttleiki svína er 175 dýr eða þar yfir á hverja 100 hektara lands sem er nýtt til landbúnaðar:</p> <p>— í allt að 16 vikur: 175 (alls)</p> <p>— frá 17. viku fram til slátrunar: 35 (alls)</p> <p>í aðildarríkjum þar sem meðalþéttleiki svína er minni en 175 dýr á hverja 100 hektara lands sem er nýtt til landbúnaðar:</p> <p>— í allt að 16 vikur: 175 (alls)</p> <p>— frá 17. viku til allt að sex mánuðum: 100 (alls)</p> <p>— yfir sex mánuðir fram til slátrunar: 35 (alls)</p> <p>Undaneldissvín: 35 (alls)</p> <p>Sauðfé: 15 (alls)</p> <p>Aðrar tegundir eða flokkar dýra að kálfum undanskildum: 35 (alls)</p> | <p>Eðlisbreytt undanrennuduft og fóðurblöndur framleiddar úr eðlisbreyttu undanrennudufti</p> <p>— í samræmi við viðeigandi ákvæði reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 368/77 og (EBE) nr. 443/77</p> <p>— yfirlýsing um viðbætt koparmagn, gefið upp sem efnisþáttur, á merkimiða, umbúðum eða íláti fyrir eðlisbreytt undanrennuduft</p> | Leyfi án tímamarka |
| | | Kopar-(II)-súlfat, pentahýdrat | $\text{CuSO}_4 \cdot 5\text{H}_2\text{O}$ | | | |

| EB-nr. | Frumefni | Aukefni | Efnaformúla | Hámarksinnihald frumefnisins í mg/kg í heilfóðri | Önnur ákvæði | Gildistími leyfis |
|--------|-----------|---------------------------------------|---|--|--|--------------------|
| | | Vatnað kopar-II-klósamband amínósýrna | $\text{Cu (x)}_{1-3} \cdot \text{nH}_2\text{O}$ (x = forskautsjón amínósýru leidd af vatnsrofnu sojaprótíni) Mólþungi 1 500 eða minni | Eldissvín: í aðildarríkjum þar sem meðalþéttleiki svína er 175 dýr eða þar yfir á hverja 100 hektara lands sem er nýtt til landbúnaðar: — í allt að 16 vikur: 175 (alls) — frá 17. viku fram til slátrunar: 35 (alls) í aðildarríkjum þar sem meðalþéttleiki svína er minni en 175 dýr á hverja 100 hektara lands sem er nýtt til landbúnaðar: — í allt að 16 vikur: 175 (alls) — frá 17. viku til allt að sex mánuðum: 100 (alls) — yfir sex mánuðir fram til slátrunar: 35 (alls) Undaneldissvín: 35 (alls) Aðrar tegundir eða flokkar dýra að undanskildum kálfum áður en jórtrun hefst og sauðfé: 35 (alls) | Mest 20 mg/kg af kopar í heilfóðri mega koma frá vötnuðu kopar-II-klósambandi amínósýrna | Leyfi án tímamarka |
| E5 | Mangan-Mn | Mangan-(II)-karbónat | MnCO_3 | 250 (alls) | — | Leyfi án tímamarka |
| | | Mangan-(II)-klóríð, tetrahýdrat | $\text{MnCl}_2 \cdot 4\text{H}_2\text{O}$ | 250 (alls) | — | Leyfi án tímamarka |
| | | Mangan-(II)-vetnisfosfat, trínhýdrat | $\text{MnHPO}_4 \cdot 3\text{H}_2\text{O}$ | 250 (alls) | — | Leyfi án tímamarka |
| | | Mangan-(II)-oxíð | MnO | 250 (alls) | — | Leyfi án tímamarka |
| | | Mangan-(III)-oxíð | Mn_2O_3 | 250 (alls) | — | Leyfi án tímamarka |
| | | Mangan-(II)-súlfat, tetrahýdrat | $\text{MnSO}_4 \cdot 4\text{H}_2\text{O}$ | 250 (alls) | — | Leyfi án tímamarka |
| | | Mangan-(II)-súlfat, mónóhýdrat | $\text{MnSO}_4 \cdot \text{H}_2\text{O}$ | 250 (alls) | — | Leyfi án tímamarka |

| EB-nr. | Frumefni | Aukefni | Efnaformúla | Hámarksinnihald frumefnisins í mg/kg í heilfóðri | Önnur ákvæði | Gildistími leyfis |
|--------|----------|------------------------------------|--|--|--|--------------------|
| | | Vatnað manganklósamband amínósýrna | Mn (x) ₁₋₃ · nH ₂ O (x = forskautsjón einhverrar amínósýru leidd af vatnsrofnu sojaprótíni) Mólþungi 1 500 eða minni | 250 (alls) | Mest 40mg/kg af mangani í heilfóðri mega koma frá vötnuðu manganklósambandi amínósýrna | Leyfi án tímamarka |
| E 6 | Sink-Zn | Sinklaktat, trínhýdrat | Zn(C ₃ H ₅ O ₃) ₂ · 3H ₂ O | 250 (alls) | — | Leyfi án tímamarka |
| | | Sinkasetat, díhýdrat | Zn(CH ₃ COO) ₂ · 2H ₂ O | 250 (alls) | — | Leyfi án tímamarka |
| | | Sinkkarbónat | ZnCO ₃ | 250 (alls) | — | Leyfi án tímamarka |
| | | Sinkklóríð, mónóhýdrat | ZnCl ₂ · H ₂ O | 250 (alls) | — | Leyfi án tímamarka |
| | | Sinkoxíð | ZnO | 250 (alls) | Hámarksinnihald blýs: 600 mg/kg | Leyfi án tímamarka |
| | | Sinksúlfat, heptahýdrat | ZnSO ₄ · 7H ₂ O | 250 (alls) | — | Leyfi án tímamarka |
| | | Sinksúlfat, mónóhýdrat | ZnSO ₄ · H ₂ O | 250 (alls) | — | Leyfi án tímamarka |
| | | Vatnað sinkklósamband amínósýrna | Zn (x) ₁₋₃ · nH ₂ O (x = forskautsjón einhverrar amínósýru leidd af vatnsrofnu sojaprótíni) Mólþungi 1 500 eða minni | 250 (alls) | Mest 80 mg/kg af sinki í heilfóðri mega koma frá vötnuðu sinkklósambandi amínósýrna | Leyfi án tímamarka |

III. VIÐAUKI

| EB-nr. | Aukefni | Efnaformúla, lýsing | Tegund eða flokkur dýra | Hámarks- aldur | Lágmarks innihald | Hámarksinnihald | Önnur ákvæði | Gildistími leyfis |
|--------|-----------------------------|--|--|-------------------|----------------------|--------------------------|---|-------------------------|
| | | | | | mg/kg heilfóðurs | | | |
| E 320 | Bútýlhýdroxýanisól (BHA) | C ₁₁ H ₁₆ O ₂ | } Allar tegundir eða flokkar dýra nema hundar | — | — | } 150:eitt eða saman | } Allt fóður | } Leyfi án tímamarka |
| E 321 | Bútýlhýdroxýtólúen (BHT) | C ₁₅ H ₂₄ O | | — | — | | | |
| E 324 | Etoxýkvín | C ₁₄ H ₁₉ ON | | — | — | | | |
| E 320 | Bútýlhýdroxýanisól (BHA) | C ₁₁ H ₁₆ O ₂ | } Hundar | — | — | } 150: eitt eða saman | } Blöndun etoxýkvíns við bútýlhýdroxýanisól og/eða bútýlhýdroxý- tólúen er heimil fari heildarstyrkur blönd- unnar ekki yfir 150 mg/kg af heilfóðri | } Leyfi án tímamarka |
| E 321 | Bútýlhýdroxýtólúen (BHT) | C ₁₅ H ₂₄ O | | — | — | | | |
| E 324 | Etoxýkvín | C ₁₄ H ₁₉ ON | Hundar | — | — | 100 | | |

IV. VIÐAUKI

| Nr. | Aukefni | Efnaformúla, lýsing | Tegund eða flokkur dýra | Hámarks-aldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-aldur | Önnur ákvæði | Gildistími leyfis |
|-----|-----------------------|---|----------------------------|---------------|--------------------------------------|---------------|--|-------------------|
| | | | | | Virkieiningar á kílógramm heilfóðurs | | | |
| 1 | 3-fýtasi (EC 3.1.3.8) | Efnablanda 3-fýtasa, framleiddur með <i>Aspergillus niger</i> (CBS 114,94), með fýtasavirkni að lágmarki 5 000 FTU ⁽¹⁾ /g fyrir efnablöndur í föstu og fljótandi formi | Svín (allir flokkar) | — | — | — | — | 21. 4. 1999 |
| | | | Kjúklingar (allir flokkar) | — | — | — | — | 21. 4. 1999 |
| | | | Kalkúnar | — | 125 FTU | — | <ol style="list-style-type: none"> Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggulun Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: 200-800 FTU Til nota í fóðurböndur sem innihalda fýtat að lágmarki 0,3%, t.d. 20% hveiti | 30. 9. 1999 |

⁽¹⁾ 1 FTU er magn þess ensíms sem leysir 1 míkromól ólífræns fosfats á mínútu úr natríumfýtati við pH 5,5 og 37 °C.